

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn, Kr. Ó. Þorgrímsson, greiði hinum stefnda, E. Egilsson, 15 — fimmtán — krónur í kost og tæring, er lúkist innan 8 vikna eptir lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. júnímán.

Nr. 10/1887.

Guðmundur Hannesson
gegn
Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðað af Jóni bónda Jónssyni á Vestri-Loptsstöðum í Árnessýslu gegn Guðmundi bónda Hannessyni á Tungu í sömu sýslu út af borgun fyrir skips-uppsátur, og var Guðmundur með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum 17. jan. p. á., dæmdur til að greiða Jóni uppsáturs-toll fyrir árið 1884—85 með 30 fiskum, eða 9 kr. 30 aur., svo og vexti af þessari upphæð frá kærudegi til borgunardags 4⁰/₁₀₀ og málskostnað með 40 krónum.

Þessum dómi hefur Guðmundur Hannesson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. febr. p. ár, og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda; að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óparfa málsýfingu og til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með allt að 100 kr., eða eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Jón Jónsson, kraf-

izt *fyrst og fremst*, að máli þessu verði vísað frá yfirdóminum og stefnda tildæmt kostur og tæring með 50 kr. eða einhverju nægilegu að mati dómsins; — *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en stefnda tildæmdur allur kostnaður málsins fyrir yfirdómi að skaðlausu, eða með einhverju nægilegu að mati rjettarins; og til *þrauta-vara*, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða hinum stefnda $\frac{3}{4}$ hluta af 30 fiskum eptir 62 aura meðalalin verðlagsskrár fyrir skips-uppsátur í Loptstaðalandi árið 1884—85 með 6 kr. 97 aur. með 5% frá kærudegi til borgunardags, svo og allan kostnað þessa máls bæði fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu, eða með einhverju að yfirdómsins áliti nægilegu, að minnsta kosti 100 kr. — Svo hefur hann krafizt, að nokkur ummæli málfærslumanns áfrýjanda verði dæmd dauð og ómerk.

Að því er fyrst kemur til frávísunarkröfu hins stefnda, þá er hún byggð á því, að áfrýjandi hafi ekki nægilega útlistað málið, þar sem í dómsgjörðir þær, er hann hefur fram lagt, hafi vantað vottorð sáttanefndarinnar um, að sátt hafi farið fram í málinu, en þar sem hann sjálfur hefur lætt úr þessu með því að leggja fram aðrar dómsgjörðir, þar sem vottun sáttanefndarinnar um sáttatilaun er í, þá virðist engin ástæða til að vísa málinu frá fyrir þá sök, og þá heldur ekki til að dæma stefnda kost og tæring hjá áfrýjanda, enda hefði afleiðingin af því, að engin sönnun hefði komið fram um, að sætt hefði verið reynd í málinu, ekki verið frávísun málsins frá yfirdómi, heldur frávísun þess frá hjeradsdómi.

Máli þessu er þannig varið. 28. dag maímán. 1884 gáfu ábúendurnir á Loptsstöðum, Jón Jónsson, Gísli Jónsson og Sigurður Sigurðsson, út auglýsingu þess

efnis, að enginn mætti hafa skips-uppsátur í Loptsstæða-landi, nema hann greiddi 30 fiska í uppsátur fyrir hvert skip um árið. Áður hafði ekkert uppsáturs-gjald verið tekið af þeim, er rjeru frá Loptsstæða-sandi. Það virðist nú svo, sem menn hafi tregðast við að greiða þetta uppsáturs-gjald, því að um haustið 1886 gaf Sigurður Sigurðsson, sem að því sjeð verður af skjölum málsins hefur ábúð á $\frac{1}{2}$ Loptsstöðum, en hefur eptir látið helming af sinni ábúð Gísla Jónssyni, bróður stefnda, sem grashúsmanni, — á hinum helmingnum býr hinn stefndi Jón Jónsson, og hann og Gísli eiga þann helming—, hinum stefnda umboð til að semja við þá formenn, sem róa frá Loptsstæða-sandi, um að borga sanngjarnan uppsáturs-toll fyrir hverja vertíð, sem þar er ein á ári, og ef á þyrfti að halda, til að kæra þá fyrir sáttanefnd, og fram fylgja málinu til dóms, ef sættir kæmust eigi á. Milli Eystri- og Vestri-Loptsstæða virðast engin skipti gjörð á uppsáturs-plássinu eða Loptsstæða-sandi. Nokkru síðar kæra þeir Jón Jónsson og Gísli Jónsson, bróðir hans, áfrýjanda Guðmund Hannesson—Sigurðar er ekki getið í kærinni—, og fara í henni fram á, að Guðmundur sættist á að borga fyrir 2 næstliðin ár, er hann hafði róið frá Loptsstæða-sandi, 30 fiska í uppsáturstoll hvort árið, og undir gangist að greiða sama gjald árlega, meðan hann rói þar. 6. desbr. f. ár gaf Gísli Jónsson hinum stefnda, Jóni Jónssyni, umboð til að mæta sín vegna fyrir rjetti í máli því, er þeir bræður hefðu höfðað á hendur Guðmundi Hannessyni. Stefnan í máli því, sem hjer er áfrýjað, er gefin út 9. nóv. s. ár, og þar er Jón Jónsson einn talinn sækjandi, en hvorki Gísli nje Sigurðar að neinu getið, og Jóni

einum er dæmt allt uppsáturs-gjald hjá áfrýjanda fyrir fyrsta árið, er hann rjeri frá Loptsstaða-sandi. — Undir rekstri málsins er sannað, að Sigurður Sigurðsson hefur leyft áfrýjanda uppsátur á Loptstaða-sandi það ár, og all-miklar líkur komnar fram fyrir því, að gjaldið fyrir það ár hafi verið fyllilega greitt. Með því nú eins og áður er sagt að Loptsstaða-sandi eða afnotum hans er óskipt milli Eystri- og Vestri-Loptsstaða eða ábúendanna þar, og málflutningsmaður áfrýjanda hefur staðhæft, að Sigurður Sigurðsson hafi að eins látið halda 1 eða 2 skipum úti frá Loptsstaða-sandi umgetið ár, en hinn stefndi og Gísli bróðir hans mörgum, þá virðist eptir því sem ástatt er Sigurður hafa haft fulla heimild til að veita áfrýjanda uppsáturs-leyfi, hvort sem var ókeypis eða fyrir borgun, og verður Jóni því ekki í þessu máli dæmdur neinn uppsáturs-tollur hjá áfrýjanda.

Það ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli, og að skylda hann til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og yfir-dómi, er skal ákveðinn 40 kr.

Ekki verður stefndi dæmdur fyrir óþarfa málsýfing, og engin ástæða er til að dæma þau orð málflutningsmanns áfrýjanda hjer við rjettinn dauð og marklaus, er málflutningmaður hins stefnda hefur farið fram á, að yrðu dæmd ómerk.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Guðmundur Hannesson á Tungu, á að vera sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda, Jóns Jónssonar á Vestri-Lopstöð-

um, í þessu máli. Málskostnað greiði hinn stefndi áfrýjanda bæði fyrir undir- og yfirdómi með 40 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júnímán.

Nr. 26/1887.

Rjettvisin

gegn

Kristjáni Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Eptir að ýmsir menn um síðastliðin ára-mót höfðu skriflega kært hinn ákærða, Kristján Ó. Þorgrímsson, fyrir það að hann sem gjaldkeri Reykjavíkurkaupstaðar hefði dregið undir sig nokkuð af fje kaupstaðarins, er hann átti að greiða karendunum, með því móti að hann hefði ritað falsaðar kvittanir fyrir fjárgreiðslum til þeirra, án þess að hafa greitt þeim fjeð, og eptir að opinber rannsókn hafði fram farið út af kærnum þessum, fyrir skipaði amtið hinn 24. janúarmán. síðastliðins sakamáls-höfðun gegn hinum ákærða »í tilefni af tjeðri rannsókn«, og var síðan mál höfðað gegn honum af hálfu rjettvísinnar fyrir skjala-fals og fjárdrátt í sviksamlegum tilgangi, og út af óskilum á fje því, er honum var trú- að fyrir sem fyrverandi gjaldkera Reykjavíkurkaupstaðar. Var sök þessi dæmd í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar hinn 4. aprílmán. síðastliðins þannig, að hinn ákærði var dæmdur samkvæmt 136. grein almennra hegningar- laga 25. júní 1869 fyrir sjóðpurð og vanskil á opin- beru fje, til að sæta 14 daga einföldu fangelsi og til